

Mismununartilskipanir ESB

fjölþætt mismunun



Margrét Steinarsdóttir framkvæmdastjóri
MRSÍ



Íslensk löggjöf

Stjórnskipunarlæg nr. 33/1947:

- **65. gr.** Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.
Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.



Íslensk löggjöf

Hegningarlög nr. 19/1940:

- ◆ **180. gr.** Hver sem í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi neitar manni um vörur eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli þjóðernis hans, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar skal sæta sektum ...1) eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Sömu refsingu varðar að neita manni um aðgang til jafns við aðra að opinberum samkomustað eða öðrum stöðum sem opnir eru almenningi.



Íslensk löggjöf

- ◆ *Lög um Mannréttindasáttmála Evrópu, 14. grein:
Bann við mismunun.*

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórn mála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.



Íslensk löggjöf

- ◆ Úr tillögu til þingsályktunar, um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda:

„Mótun kæruleiða í þágu þeirra sem telja á sér brotið vegna trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar eða ætternis.“



Alþjóðalög

- ◆ Samningur SP um réttindi fólks með fötlun.
 - Undirritaður 30. mars 2007. Hefur enn ekki verið fullgiltur. Ísland undirritaði einnig valfrjálsa bókun við samninginn, án fyrirvara.



Alþjóðalög

- ◆ 12. viðauki við Mannréttindasáttmála Evrópu, tók gildi 1. apríl 2005. Ísland hefur undirritað en ekki fullgilt viðaukann.
 - Viðaukinn bannar alla mismunun í samfélagi vegna uppruna, trúar, litarháttar o.s.frv.



Reglur ESB um bann við mismunun

1. Tilskipun Evrópusambandsins 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000 um innleiðingu jafnræðisreglunnar í tengslum við vinnumarkaðinn.
2. Tilskipun Evrópusambandsins 2000/43/EB, um innleiðingu jafnræðisreglunnar án tillits til kynþáttar eða uppruna.



Gildissvið tilskipananna

- ◆ Kynþáttajafnréttistilskipun 2000/43/EC (kynþáttur/etni)
 - Opinberi og einkageirinn
 - Vinnumarkaður
 - Félagsleg vernd, þ.m.t. almannatryggingar og heilbrigðisþjónusta
 - Félagsleg gæði
 - Menntun
 - Aðgangur að og veiting vöru og þjónustu sem boðin er almenningi, þ.m.t. húsnæðis



Gildissvið tilskipananna

- ◆ Rammatilskipun 2000/78/EC (trú/lífsskoðun, fötlun, aldur, kynhneigð)
 - Opinberi og einkageirinn
 - Svið vinnumarkaðar
- ◆ Tillaga um vikkun gildissviðs rammatilskipunar til samræmis við kyþáttajafnréttistilskipuna
 - Com (2008) 426 final



Hugtakið mismunun:

◆ Bein mismunun

- Reglur eða framkvæmd beinlínis útiloka ákveðna hópa
- T.d. „hjón” mega ættleiða barn

◆ Óbein mismunun

- Reglur eða framkvæmd eru hlutlaus á yfirborðinu en hafa mismunandi áhrif á mismunandi hópa
- T.d. lakari starfsréttindi vegna hlutastarfa, lágmarkshæð brunavarða



Hugtakið mismunun:

- ◆ Viðeigandi aðlögun (einstaklingsbundin)
 - Breytingar og lagfæringar til að koma til móts við þarfir mismunandi einstaklinga úr jaðarhópum
 - T.d. stuðningsúrræði innan skólakerfisins, réttur þungaðra kvenna til breytinga á störfum vegna heilsufarsástæðna, aðlögun vinnutíma að trúarbrögðum.
- ◆ Jákvæðar aðgerðir/ráðstafanir (almennar)
 - Kerfislægar aðgerðir sem ætlað er að mæta kerfislægri jaðarstöðu og flýta því að jafnrétti náist í raun
 - T.d. “kvótar” eða matsreglur sem leiðréttu fyrir kerfislæg atriði



Sameiginleg ákvæði

- ◆ Fyrirmæli um að mismuna tilteknum einstaklingi vegna uppruna hans, kynþáttar, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, trúar- eða lífsskoðana, teljast til mismununar og brjóta gegn ákvæðum tilskipananna.



Sameiginleg ákvæði

- ◆ Áreitni telst til mismununar, þegar viðhöfð er óæskileg hegðun sem tengist uppruna, kynþætti, aldri, kynhneigð, fötlun, trúar- eða lífsskoðunum í þeim tilgangi að lítilsvirða einstakling eða til að skapa ógnandi, fjandsamlegt, niðurlægjandi eða særandi andrúmsloft. Í þessu sambandi má túlka áreitnihugtakið í samræmi við innlend lög og lagaframkvæmd í aðildarríkjunum.



Sameiginleg ákvæði

Sönnunarbyrði

- ◆ Aðildarríki skulu tryggja að ef einstaklingar sem telja sér mismunað, sýna fram á fyrir dómi eða öðru til þess bæru stjórnvaldi, atvik sem ráða má af að bein eða óbein mismunun hafi átt sér stað, að þá skuli gagnaðilinn sanna að jafnræðisreglan hafi ekki verið brotin. Þetta á ekki við í refsimálum.



Sameiginleg ákvæði

Fólk gert að fórnarlömbum

- ◆ Aðildarríkin eiga að tryggja að einstaklingar gjaldi ekki fyrir kvartanir eða málshöfðun vegna mismununar (t.d. að það missi vinnuna). Ekki er nægjanlegt að vernda þann sem brotið var gegn, heldur verður einnig að tryggja stöðu fólks sem gefur vitnisburð í málum er varða mismunun og aðra sem eru á annan hátt viðriðnir málið.



Sameiginleg ákvæði

Skaðabætur

Við innleiðingu tilskipananna verða aðildarríkin að tryggja að brot á innlendri löggjöf gegn mismunun sæti viðurlögum og að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlög við mismunun verð að vera „virk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi“; það er, viðunandi úrlausn fyrir brotþola sem jafnframt letur geranda og aðra til að beita viðlíka mismunun í framtíðinni. Dæmi um möguleg viðurlög er greiðsla skaðabóta þar sem ekki er heimilt að kveða á um hámarksupphæðir.



Fjölþætt mismunun

- ◆ Ekki á grundvelli kynferðis, ekki á grundvelli etnis; en ef kynferði og etni er skoðað saman?
- ◆ Breytt stofnanafyrirkomulag.

